

Föstudaginn 27. febrúar 1976.

Nr. 8/1975. **Bandalag starfsmanna ríkis og bæja  
f.h. Félags íslenzkra símamanna**  
(Gunnar Eydal hdl.)  
gegn  
**fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs**  
(Gunnlaugur Claessen hdl.)

Frídagar. Yfirvinnukaup. Vaktavinna.

### Dómur.

Mál þetta, sem tekið var til dóms þann 24. þ.m., er höfðað með stefnu útgefni þann 2. júní 1975.

Stefnandi málsins er Bandalag starfsmanna ríkis- og bæja fyrir hönd Félags íslenzkra símamanna.

Stefndi er fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs.

Kröfur stefnanda eru þessar:

1. Dæmt verði, að þeim félagsmönnum Félags íslenzkra símamanna, sem vinna á reglubundnum vinnuvöktum og 9. mgr. 13. gr. kjarasamnings sóknaraðila og varnaraðila frá 15.12. 1973 tekur til, skuli bættur hver dagur, sem ekki er merktur vinnudagur á varðskrá og fellur á almennan frídag eða stórhátíðardag, annan en sunnudag, með öðrum frídegi eða greiðslu yfirvinnukaups í 7 klst.
2. Að varnaraðili verði dæmdur til að greiða sóknaraðila málskostnað að mati dómsins.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda. Þá krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnanda, en til vara, að málskostnaður verði látinn falla niður.

Málavextir eru þeir, að 15. desember 1973 var undirritaður kjarasamningur milli stefnanda og stefnda um kjör félagsmanna stefnanda, er starfa hjá ríkinu. Tók samningurinn gildi 1. janúar 1974 og skyldi gilda til 30. júní 1976. Hefur stefndi nú sagt samningi þessum upp. Í 13. gr. samningsins eru ákvæði um vinnu á vinnuvökum svohljóðandi:

„13. gr.

*Vinnuvökur*

1. *mgr.* Þar sem unnið er á reglubundnum vinnuvökum, skal varðskrá, er sýni væntanlegan vinnutíma hvers starfsmanns lögð fram mánuði áður en fyrsta „vakt“ samkvæmt skránni hefst, nema samkomulag sé við starfsmenn um skemmri frest.
2. *mgr.* Við samningu varðskrár skal þess gætt, að helgidagavinna skiptist sem jafnast á starfsmenn.
3. *mgr.* Hámarkslengd hvernar vinnuvöku skal vera 10 klst. og skulu þá líða minnst 9 klst. til næstu vinnuvöku. Breytingar frá þessu eru heimilar með samkomulagi starfsmanna og forráðamanna stofnunar, sbr. 9. gr.
4. *mgr.* Þeir, sem vinna vinnuvökur á sunnudögum eiga rétt á leyfi í sömu viku þannig, að næturfrí komi jafnan fyrir og eftir frídaginn, eða eigi skemmri tími en 36 klst. samfleytt.
5. *mgr.* Eigi skal veita frídag í stað sunnudags á degi, sem er sérstakur frídagur skv. 15. gr. Falli sérstakur frídagur á sunnudag er ekki veittur annar frídagur í stað sunnudagsins.
6. *mgr.* Einstök aðildarfélög eiga rétt á að semja um, að þeir starfsmenn í fullu starfi, sem vinna á reglubundnum vinnuvökum og skila til jafnaðar 40 klst. vinnu á viku allt árið, geti í stað greiðslna skv. 2. mgr. 10. gr. fengið frí á óskertum föstum launum í 12 daga á ári miðað við heils árs starf.
7. *mgr.* Vinnu, sem fellur á sérstaka frídaga sbr. framanritað skal auk þess launa með vaktaálagi, sé þessi kostur valinn.
8. *mgr.* Aðilar eru sammála um, að þeir vaktavinnumenn, sem eigi notfæra sér eða njóta heimilda skv. 6. og 7. mgr. þessarar greinar eigi kost á svofelldum uppgjörsmáta:
9. *mgr.* Greitt verði skv. varðskrá yfirvinnukaup (tímakaup) skv. 11. gr. fyrir vinnu á almennum frídögum og stórhátíðadögum skv. 15. gr. Þeir áunnir frídagar vaktavinnumanna skv. varðskrá, sem falla á almenna frídaga og stórhátíðadaga aðra en sunnudaga, skulu bættir með öðrum frídegi eða greiðast með yfirvinnukaupi í 7 klst. fyrir hvern dag.

Ekki skal veita frídag í stað sunnudags á degi, sem er sérstakur frídagur hvort sem er.“

Ágreiningur reis um framkvæmd 9. mgr. 13. gr. kjarasamningsins gagnvart félagsmönnum sóknaraðila, sem starfa í fjarskiptastöð Landssíma Íslands í Gufunesi og óskaði stefnandi leiðréttinga. Töldu fyrirvarsmenn stefnanda, að með „áunnum frídögum vaktavinnnumanna samkvæmt varðskrá“ væri átt við alla daga, sem ekki væru merktir vinnudagar á varðskrá, enda hefði umrætt ákvæði kjarasamningsins verið framkvæmt í samræmi við þennan skilning á öðrum vinnustöðum á vegum stefnda. Viðræður fóru fram milli aðilja af þessu tilefni í janúar og febrúar 1975. Þann 27. febrúar 1975 ritaði stefnandi stefnda bréf út af ágreiningi þessum. Í svarbréfi stefnda, dags. 10. apríl 1975, var ítrekuð fyrri afstaða stefnda, að „sérstakur frídagur“ ávinnist vegna skylduvinnu á sunnudegi. Höfðaði stefnandi síðan mál þetta, til að fá skorið úr ágreiningi þessum.

Krafa stefnanda er studd þeim rökum, að í kröfugerð sóknaraðila við gerð síðustu kjarasamninga, sem lögð hafi verið fram 27. ágúst 1973, hafi m.a. verið svofellt ákvæði um vaktavinnu: „Vaktavinnufólk á rétt til leyfis í viku hverri, þannig að næturfrí komi fyrir og eftir frídagana, nema samkomulag sé um annað. Vaktir skulu eigi vera fleiri en 5 á viku og tveir samfelldir frídagar, nema samkomulag sé um aðra tilhögun. Við gerð varðskrár hvers manns skulu allir þeir dagar á skránni, sem ekki eru merktir vinnudagar, teljast frídagar. Falli sérstakur frídagur utan laugardags eða sunnudags á merktan frídag, skuli hann greiddur með yfirvinnukaupi eða annar frídagur veittur í hans stað.“ Hafi með þessu verið krafizt breyttrar tilhögunar frá því sem áður var á þann hátt, að veittur skyldi annar frídagur eða dagurinn greiddur með yfirvinnukaupi, ef frídagur vaktavinnumanns og almennur frídagur félli saman. Hafi síðan verið gengið frá ákvæðum 13. gr. kjarasamningsins í endanlegri mynd. Hafi fyrirvarsmáður stefnanda jafnframt tjáð fyrirvarsmanni stefnda að orðalag 9. mgr. 13. gr. í þessari mynd væri úrslitaatriði um það, hvort samningar yrðu undirritaðir af fulltrúum vaktavinnnumanna. Hafi skilningur sóknaraðila á ákvæði þessu verið sá frá upphafi, að með orðunum „áunnir frídagar vaktavinnnumanna skv. varðskrá“ væri átt við alla frídaga samkvæmt varðskránni, enda vart hægt að skilja þau á annan veg.

Hafi ákvæði þetta einnig verið framkvæmt samkvæmt þessum skilningi sóknaraðila hjá langflestum ríkisstofnunum í tæpt eitt og hálf t. Sé sóknaraðila aðeins kunnugt um, að til ágreinings hafi komið á einum vinnustað, fjarskiptastöð Landssíma Íslands í Gufunesi. Útilokað sé, að orðalag þetta eigi við frídaga vegna unninna sunnudaga, því samkvæmt síðasta lið málgreinarinnar skuli ekki veita frídag í stað sunnudags á degi sem sé sérstakur frídagur hvort sem er. Er og bent á, að orðalag þetta sé nýtt og felist í því ný regla. Ef aðeins væri átt við frídaga vegna unninna sunnudaga, hefði verið eðlilegast að nota orðalag 4. mgr. 13. gr. Ef skilningur varnaraðila væri réttur, hefði átt að semja um greiðslu, sem samsvaraði fjölda þeirra vinnustunda, sem starfsmaður skilaði á sunnudagsvöku, en ekki fastákveðinn klukkustundafjöldi. Þá er að lokum bent á það, að þeir félagsmenn sóknaraðila, sem inna vinnuskyldu sína af hendi á vinnuvökum og fá greitt á grundvelli 9. mgr. 13. gr., verði verr settir en þeir, sem leysa vinnuskyldu sína af hendi í venjulegum dagvinnutíma, ef skilningur varnaraðila fái að ráða.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að við gerð kjarasamninga stefnanda og stefnda hafi ávallt verið reynt að gæta þess, að þeir starfsmenn, sem vinna á vinnuvökum og þurfa því að vinna á almennum frídögum, væru ekki verr settir en þeir starfsmenn, sem inna vinnu sína af hendi í dagvinnutíma. Hafi verið reynt að bæta vaktavinnu-  
mönnum upp vinnu þeirra á almennum frídögum, þannig að sem mestur jöfnuður næðist milli vaktavinnumannanna og dagvinnumannanna. Frídagar þeir, sem dagvinnumenn fái, séu misjafnlega margir á hverju ári, eftir því hversu margir þeirra falli á laugardaga eða sunnudaga. Við gerð kjarasamnings aðilanna á árinu 1963 hafi orðið til svokölluð tólf daga regla, en með kjaradómi, sem gengið hafi á árinu 1970, hafi reglan verið felld niður. Regla þessi hafi svo verið endurvakin við gerð núgildandi kjarasamnings og komi fram í 6. mgr. 13. gr. Með henni sé ætlað að gera vaktavinnumenn sem næst jafnsetta dagvinnu-  
mönnum um aukafri eða annars konar umbun vegna vinnu á almennum frídögum. Auk þessarar reglu eigi vaktavinnumenn nú kost á öðrum  
uppgjörsmáta til að jafna vinnu á almennum frídögum. Sú regla felist í 9. mgr. 13. gr. kjarasamningsins og feli í sér sama fyrirkomulag og var á árunum 1970—1973, þ.e. að greitt sé með yfirvinnukaupi fyrir staðna vakt á helgidögum, en sérstakur frídagur ekki veittur, enda verði því ekki ávallt við komið. Að auki feli hún í sér, að bættir séu sérstaklega þeir áunnu frídagar fyrir vinnu á sunnudögum, sem falli á almenna frídaga, en það komi í fyrsta sinn fram í þessum kjarasam-

ingi, að þessir ákveðnu áunnir frídagar vegna vinnu á sunnudögum skuli bættir, ef þeir falli á almenna frídaga. Er því haldið fram, að í orðunum „áunnir frídagar vaktavinnnumanna skv. varðskrá“ felist eingöngu þeir frídagar, sem eigi að koma í stað sunnudaga, sem unnir eru, sbr. 4. mgr. 13. gr. Vísbending um þennan skilning felist í orðum ákvæðisins, enda geti aukafrídagar ekki áunnist fyrir neitt annað en vinnu á öðrum degi, sem ella væri frídagur, þ.e. sunnudegi. Er mót-mælt þeim skilningi stefnanda, að „áunnir frídagar“ séu allir aðrir dagar en þeir, sem vaktavinnumaður ljúki starfsskyldu sinni á. Hugtak þetta hafi aldrei verið notað um þessa daga, heldur hafi þeir einfaldlega verið kallaðir frídagar. Er á það bent, að nauðsynlegt sé að hafa í huga ákvæði eldri kjarasamninga og breytingar á þeim. Sú tilhögun, að vaktavinnumaður skuli eiga frí a.m.k. einn dag í sömu viku og hann stendur vakt á sunnudegi, hafi verið ákveðin með kjaradómi 1967. Í sama dómi hafi verið ákvæði þess efnis, að tekið skyldi fram í varðskrá vinnuvökumanns, hvaða frídagar skyldu koma í stað sunnudagsins. Forsenda fyrir því að merkja frídaginn inná varðskrá hafi fyrst og fremst verið sú, að starfsmanni hafi verið greitt helgidaga-kaup, ef hann hafi verið kallaður á aukavakt á þessum sérstaklega merкта áunna frídegi, en stæði hann aukavakt á frídegi hafi honum aðeins verið greitt eftirvinnukaup. Þetta hafi aldrei sætt athugasemdum af hálfu félags þeirra starfsmanna, sem í hlut áttu, en miðað við skilning stefnanda nú, hefðu allir frídagar milli vakta verið áunnir og hefði þá átt að greiða næturvinnukaup á slíkum dögum. Þá hafi einnig verið gert ráð fyrir því í kjarasamningi stefnanda og stefnda frá 19. desember 1970, að vaktavinnumaður skyldi eiga frí einn dag í þeirri viku, sem hann stóð vakt á sunnudegi. Í þeim kjarasamningi hafi verið hætt að gera mun á helgidaga- og eftirvinnukaupi og því ekki þótt lengur forsenda fyrir því að krefjast sérstakrar merkingar á þeim degi, sem teldist frídagur í stað unnins sunnudags. Í núgildandi kjarasamningi aðilanna sé fjallað um þetta atriði í 4. mgr. 13. gr. Að vísu sé þar ekki skýrt ákvæði þess efnis, að frídaginn skuli merkja á varðskrá, en orðalag 9. mgr. 13. gr. verði ekki skilið öðruvísi en svo, að varðskrá skuli sýna, hvaða dagar teljist áunnir vegna starfa á sunnudegi. Þetta verði enn ljósara fyrir það, að með 2. málslið 9. gr. skapist ný forsenda fyrir því að merkja frídaginn inn á varðskrá, en hún sé sú, að falli þessi áunni frídagur á almennan helgidag, skuli hann greiddur, en ekki sé unnt að greiða sérstaklega fyrir slíkan áunnin frídag, nema ljóst sé, að hann falli í raun og veru á almennan frídag samkvæmt 15. gr. kjarasamningsins. Þótt orðalagið „áunnir frídagar“ sé ekki notað í kjaradóminum frá 1967 eða kjarasamningum frá 1970, felist ekki í því ný

regla samkvæmt nágildandi kjarasamningi, heldur taki það til þeirra frídaga, sem starfsmaður fái fyrir vaktavinnu á sunnudögum. Nýmælið sé eingöngu það, að falli slíkir áunnir frídagar á almennan frídag, skuli þeir greiddir sérstaklega. Af hálfu samninganefndar varnaraðila hafi aldrei verið neinn vafi á þessu og ekki hafi annað komið fram af hálfu samninganefndar stefnanda, en að sami skilningur ríkti á þessu. Þá er því haldið fram af hálfu stefnda að í nær öllum ríkisstofnunum, þar sem vaktavinnumenn starfi, sé fylgt þeirri reglu, sem fram komi í 6. mgr. 13. gr. kjarasamningsins, þ.e. tólf daga reglunni svonefndu. Hjá þeim hafi aldrei komið til ágreinings þess, sem vakinn hafi verið með málssókn þessari. Ekki sé kunnugt um, að uppgjörsmáti samkvæmt 9. mgr. 13. gr. hafi verið valinn annars staðar en hjá Pósti og síma, en þó sé henni ekki fylgt á öllum vinnustöðum stofnunarinnar. Þar sem uppgjörsmáta 9. mgr. 13. gr. sé fylgt virðist ekki um samræmi í framkvæmd að ræða. Á nokkrum stöðum sé hún samkvæmt skilningi stefnda, en á öðrum stöðum samkvæmt skilningi stefnanda. Kunni ástæðan fyrir þessu ósamræmi að vera sú, að stefndi hafi ekki sent umburðarbréf til ríkisstofnana og einstakra vinnustaða, þar sem öll tvímæli væru tekin af. Til þess hafi þó ekki gefizt sérstakt tilefni, enda hafi ekki verið vitað um það fyrr en í lok síðastliðins árs eða byrjun þess, að ágreiningur hafi risið um þetta. — Því er að lokum haldið fram, að vaktavinnumenn fái miklu meira út úr almennum fríðögum í formi greiðslna eða aukafrídaga en dagvinnumenn, ef skilningur stefnanda nái fram að ganga, enda fái þá vaktavinnumenn alla almenna frídaga ársins bættu, annað hvort með öðrum frídegi eða greiðslu, jafnt þá, sem falli á sunudag sem aðra daga.

Fyrirsvarsmenn aðila hafa komið fyrir dóminn og gefið ýtarlegar skýrslur.

#### *Álit dómsins.*

Varðskrár fyrir starfsmenn við radióflugþjónustuna í Gufunesi, sem lagðar hafi verið fram í málinu, sýna, að þar er aðalreglan sú, að starfsmenn vinni á 8, 6 og 10 stunda vinnuvöktum í þrjá daga, en síðan sé hlé í tvo daga. Eru þannig dagar, sem eru ekki merktir vinnudagar í varðskrá. Ekki er um það deilt í málinu, að þannig vinni þessir starfsmenn allan ársins hring, sunnudaga sem aðra daga, að undanskildum orlofstíma.

Ákvæði það, sem ágreiningur málsaðilja snýst um, hljóðar svo:

„Þeir áunnu frídagar vaktavinnumanna skv. varðskrá, sem falla á

almenna frídaga og stórhátíðadaga aðra en sunnudaga, skulu bættir með örðum frídegi eða greiðast með yfirvinnukaupi í 7 klst. fyrir hvern dag.“

Aðilja málsins greinir á um það, hvað felist í þessu, einkum orðunum „áunnir frídagar vaktvinnumanna skv. varðskrá“. Ekki er gerð grein fyrir því í kjarasamningnum, hvað hin tilvitnuðu orð merkja, en aðiljar eru sammála um, að orðalag þetta hafi ekki verið notað áður í kjarasamningi eða kjaradómi um kjör félagsmanna sóknaraðilja hjá stefnda. Hefur lögmaður stefnda haldið því fram, að það skipti ekki máli, því að orðalag þetta hafi áður verið notað manna á meðal um þá frídaga, sem veittir væru þeim, sem vinna vinnuvökur á sunnudögum, þannig að það hafi ekki falið í sér neitt nýmæli. Þessu hefur lögmaður stefnanda mótmælt og haldið fram, að í þessu umdeilda orðalagi hafi falizt ný regla. Af hálfu stefnda hafa ekki verið leiddar að því sönnur, að orðalagið hafi verið notað í þeirri ákveðnu merkingu, sem hann heldur fram, áður en samningurinn frá 15. desember 1973 var gerður. Verður hún því ekki lögð til grundvallar í máli þessu. Augljóst er, að orðalagið eitt út af fyrir sig hefur enga fastákveðna merkingu, heldur fer hún eftir því samhengi sem það stendur í. Ber því hér að skýra það með hliðsjón af samningnum sjálfum og öðrum gögnum, sem veita vitneskju um aðdraganda hans og framkvæmd.

Eins og áður greinir er því haldið fram af hálfu stefnda, að með hinu umdeilda orðalagi sé aðeins átt við frídaga, sem veittir séu þeim, sem vinna vinnuvökur á sunnudögum, sbr. 4. og 5. mgr. 13. gr.

Í 4. mgr. 13. gr. segir:

„Þeir, sem vinna vinnuvökur á sunnudögum, eiga rétt á leyfi í sömu viku þannig, að næturfrí komi jafnan fyrir og eftir frídaginn, eða eigi skemmri tíma en 36 klst. samfleytt.“

Í 5. mgr. 13. gr. segir:

„Eigi skal veita frídag í stað sunnudags á degi sem er sérstakur frídagur skv. 15. gr. Falli sérstakur frídagur á sunnudag er ekki veittur annar frídagur í stað sunnudagsins.“

Aðiljar eru sammála um, að orðin „sérstakur frídagur skv. 15. gr.“ í 5. mgr. 13. gr. taki til eftirtalinna daga, nema þá beri upp á sunnudaga og af málflutningi aðilja verður ekki annað ráðið en þau séu sömu merkingar og orðin almennir frídagur í 9. mgr. 13. gr.:

1. Nýársdagur
2. Skírdagur

3. Föstudagurinn langi
4. Laugardagur fyrir páska
5. Páskadagur
6. Annar páskadagur
7. Sumardagurinn fyrsti
8. Fyrsti maí
9. Uppstigningardagur
10. Hvítasunnudagur
11. Annar hvítasunnudagur
12. Sautjándi júní
13. Frídagur verzlunarmanna (fyrsti mánudagur í ágúst)
14. Aðfangadagur jóla frá kl. 12
15. Jóladagur
16. Annar jóladagur
17. Gamlársdagur frá kl. 12

Regla 4. og 5. mgr. 13. gr. felur þá í sér, að veita skuli leyfi í sömu viku fyrir vinnu á sunnudögum, svo sem nánar greinir í 4. mgr., en ekki skuli veittur frídagur í stað sunnudagsins á neinum þeirra daga, sem taldir eru hér að framan. Ef hins vegar einhver þessara daga fellur á sunnudag skuli ekki veittur annar frídagur í stað sunnudagsins. Af framangreindum dögum ber tvo alltaf upp á sunnudag: 1. Páskadag. 2. Hvítasunnudag.

Hins vegar geta eftirtaldir dagar fallið á sunnudag:

1. Nýársdagur
2. Fyrsti maí
3. Sautjándi júní
4. Aðfangadagur jóla
5. Jóladagur
6. Annar jóladagur
7. Gamlársdagur.

Ekki er þess getið í 4. og 5. mgr. 13. gr., hvernig úr skuli leysa, ef ekki verði við komið að veita leyfi fyrir vinnu á sunnudögum í sömu viku.

Af hálfu varnaraðilja hefur því verið haldið fram, að þá komi til hið umdeilda ákvæði 9. mgr. 13. gr., sbr. eftirfarandi texta: „Þeir áunnu frídagar vaktavinnumanna skv. varðskrá, sem falla á almenna frí-daga og stórhátíðardaga aðra en sunnudags, skulu bættir með öðrum frídegi eða greiðast með yfirvinnukaupi í 7 klst. fyrir hvern dag.“

Hér sé átt við þá frídaga, sem áunnizt hafi vegna vinnu á sunnudögum. Þá megi bæta með öðrum frídegi eins og segi í 9. mgr. en það verði að gerast í sömu viku sbr. 4. mgr. Ákvæðið í 9. mgr. þar að lútandi sé einungis ófullkomin áréttning á orðalagi 4. mgr. Ef þessu verði ekki komið við, skuli þessir dagar „greiðast með yfirvinnukaupi í 7 klst. fyrir hvern dag.“ Þetta og annað ekki felist í 9. mgr. Ákvæðið sé að vísu ekki allskostar skilmerkilegt, en það stafi af mikilli tímaþröng við gerð samningsins.

Þessi skýring þykir ekki eiga þá stoð í orðalagi ákvæðisins að unnt sé að leggja hana til grundvallar dómi í málinu. Ef svo sérstaklega stendur á, að ekki sé hægt að veita leyfi vegna vinnu á sunnudegi í sömu viku eins og 4. mgr. 13. gr. áskilur, sýnist eðli málsins samkvæmt verða að bæta það með öðrum hætti. Verður því að túlka samninginn svo, að reglur um leyfi vegna sunnudaga séu tæmandi taldar í 4. og 5. mgr. 13. gr. með þeirri einni takmörkun, sem þegar er lýst. Gildir þá einu, hvort menn hafi kosið uppgjör fyrir unna frídaga skv. 15. gr. eftir reglu 6., sbr. 7. mgr. 13. gr. eða 8., sbr. 9. mgr. Er þá úrlausnarefnið, hvað felist í 9. mgr. 13. gr.

Áður hefur verið vitnað til ákvæða um vaktavinnufólk í 3. kafla B í kröfugerð sóknaraðilja, sem lögð var fram 27. ágúst 1973. Þar segir m.a.: „Við gerð varðskrár hvers manns skulu allir þeir dagar á skránni, sem ekki eru merktir vinnudagar, teljast frídagar. Falli sérstakur frídagur utan laugardags eða sunnudags á merktan frídag, skal hann greiddur með yfirvinnukaupi eða annar frídagur veittur í hans stað.“

Með orðunum „sérstakur frídagur“ er augljóslega átt við þá 17 daga, sem áður eru taldir. Er ljóst, að markmið sóknaraðilja hefur verið að fá því framgengt, að hvenær sem einhver þessara frídaga — að því áskildu að hann lenti ekki á sunnudegi — félli á dag, sem ekki væri merktur vinnudagur í varðskrá, skyldi hann greiddur með yfirvinnukaupi eða annar frídagur veittur í hans stað.

Þegar það er haft í huga, sem áður segir, að telja verður að ákvæði 4. og 5. mgr. 13. gr. geymi tæmandi ákvæði um sunnudaga og ósannað er að orðalagið „áunnir frídagar“ eins og það er notað í 9. mgr. 13. gr. kjarasamnings aðilja frá 15. desember 1973, eigi einvörðungu við þá frídaga, sem koma í stað sunnudaga, verður ekki séð, að ákvæði 9. mgr. hafi neinn annan tilgang en þann að koma til móts við það ákvæði kröfugerðar sóknaraðilja í 3. kafla B, sem vitnað var til

hér að framan, þótt því væri að vísu í upphafi hafnað. Þessu til viðbótar ber á það að líta, að ákvæði 9. mgr. 13. gr. hefur verið framkvæmt í samræmi við skilning sóknaraðilja í mörgum ríkisstofnunum, þótt ekki liggi fyrir vitneskja um, hvor hátturinn á framkvæmd hafi náð til fleiri starfsmanna. Hefur launadeild fjármálaráðuneytisins látið þá framkvæmd viðgangast athugasemdalaust að minnsta kosti þar til í febrúar 1975, og verður því ekki borið við, að deildinni eða ráðuneytinu hafi verið ókunnugt um hana. Loks má benda á, að nauðsynlegt hefði verið að merkja þessa áunnu frídaga sérstaklega á varðskrá, ef þeir hefðu einungis átt að koma í stað sunnudaga, en það hefur ekki verið gert, enda ekki eftir því gengið.

Með skírskotun til þess, sem hér hefur verið rakið um eðlilegasta skýringu á samningnum og um framkvæmd hans, verður niðurstaðan sú, að taka beri kröfu stefnanda til greina.

Eftir öllum atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dóm þennan kváðu upp: Guðmundur Jónsson, Bjarni Kristinn Bjarnason, Sigurður Línal, Bjarni Sigurðsson og Hafsteinn Baldvinsson.

#### D ó m s o r ð:

Viðurkenndur er sá skilningur stefnanda á ákvæði 9. mgr. 13. gr. kjarasamnings Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs frá 15. desember 1973, að þeim félagsmönnum Félags íslenzkra símamanna, sem vinna á reglubundnum vinnuvökum og 9. mgr. 13. gr. kjarasamningsins tekur til, skuli bættur hver dagur, sem ekki er merktur vinnudagur á varðskrá og fellur á almennan frídag eða stórhátíðardag, annan en sunnudag, með öðrum frídegi eða greiðslu yfirvinnukaups í 7 klukkustundir.

Málskostnaður fellur niður.